

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

93. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á Hótel Magma í Landbroti 4.
apríl 2020 kl 20:00

Mætt eru á fundinn aðalmennirnir Ólafur E. Júlíusson, Gunnar Erlendsson og Lilja Magnúsdóttir.

1. Sótt var um styrk frá Uppbyggingarsjóði Sass fyrir verkefni sem hefur fengið vinnutilinn TÓNASERÍAN. Styrkur kom í hús 500 000 kr. og hefur formaður nefndarinnar skrifað undir samning um styrkinn. Tónleikarnir verða haldnir í sumar og fram á haust. Þakkar nefndin styrkinn og hlakkar til að vinna að þessu verkefni með gestum og heimamönnum. Nefndin ræðir um hvaða tónlistarmenn er hægt að fá og setur niður mögulega dagskrá.

2. Leikhópurinn Lotta kemur á Kirkjubæjarklaustur 2. júlí 2020 með sýninguna Bakkabræður. Skaftárhreppur greiðir fyrir þessa sýningu en Mýrdalshreppur greiddi fyrir vetrarsýninguna. Öllum er heimill aðgangur án endurgjalds. Sýningin verður á Tjaldsvæðinu á Kirkjubæ II þar sem er gott pláss og alltaf hægt að finna skjól þó blási.


3. Framlag sveitarfélagsins til menningarmála í Skaftárhreppi lækkaði úr 1300 000 kr í 880 000 kr. við endurskoðun fjárhagsáætlunar á vormánuðum 2020.

4. Sótt var um styrk til EBÍ til að halda áfram með listaverkefnið Gullmolann. Styrkurinn er kominn í hús, 620 þúsund krónur. Verður nú farið í að ljúka við listaverkið og setja upp skilti sem skýra merkingu þess.

Önnur mál:

Fundi slitið kl 22:00

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir


Lilja Magnúsdóttir
Gunnar Erlendsson